

Sumarlögin okkar

Víkivaki (Sunnan yfir sæinn)

<https://www.youtube.com/watch?v=8w1tMCO5r9U>

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
A, A, Aha ... Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !
Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
A, A, Aha Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !
Allt hið liðna er ljúft að geyma
- láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt !
A, A, Aha Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

(Lag: Valgeir Guðjónsson; Texti: Jóhannes úr Kötlum)

Við göngum mót hækkandi sól

<https://www.youtube.com/watch?v=J9-lauVSErk>

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól,
og sjáum hana þíða allt er kól, kól, kól,
:/: sjá vætlurnar streyma
og vetrinum gleyma,
því vorið er komið með sól, sól, sól. :/:

Ó, heill sé þér, bráðláta vor, vor, vor.
Velkomið að greikka okkar spor, spor, spor,
:/: því ærsl þín og læti
og ólgandi kæti
er æskunnar paradís vor, vor, vor. :/:

(Skandinavískt lag. Ljóð: Aðalsteinn Sigmundsson)

Lóan er komin

<https://www.youtube.com/watch?v=YZojq6Crab0>

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.

Að kveða burt leiðindin, það getur hún.

Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.

Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

(Lag: Amerískt lag. Ljóð: Páll Ólafsson)

Könguló á gólfinu

https://www.bornogtonlist.net/K%C3%B3ngul%C3%B3_%C3%A1_g%C3%B3lfinu/

Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu x2

Hvað er hún að gera inni

hér í íbúðinni minni?

Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu

Það er könguló sem spinnur vef á fætinum x2

Ég stappa fótunum og hoppa

en hún ætlar ekki' að stoppa!

Það er könguló sem spinnur vef á fætinum

Það er könguló sem spinnur vef á maganum x2

Og svo hunsar hún mig bara

er ég segi' henni að fara!

Það er könguló sem spinnur vef á maganum

Það er könguló sem spinnur vef á hálsinum x2

Nei, nú fór hún yfir strikið

þetta kitlar allt of mikið!

Það er könguló sem spinnur vef á hálsinum

Það er könguló sem spinnur vef á nefinu x2

Það getur varla orðið verra

Því hún fær mig til að hnerra!

Það er könguló sem spinnur vef á nefinu... Atjúú!

Það er könguló sem spinnur vef í hárinu x2

Svo nú fer ég bara' í sturtu

til að skola henni' í burtu!

Það er könguló sem spinnur vef í hárinu

... en nú hoppar hún af!

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2

Hún á ekki! að vera inni

hér í íbúðinni minni?

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu...

(Lag: "Spider on the floor" / "Ef þú ert í góðu skapi"; Þýð.: Birte & Baldur)

Litla flugan

https://www.youtube.com/watch?v=7aDo17_Csk

Lækur tifar létt um máða steina.

Lítil fjóla grær við skriðufót.

Bláskel liggur brotin milli hleina.

Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Og ef ég væri orðin lítil fluga

Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.

Og þó ég ei til annars mætti duga

Ég eflaust gæti kitlað nafið þitt.

(Sigfús Halldórsson / Sigurður Elíasson)